



LANDSSAMTÖKIN  
HEIMILI OG SKÓLI

Alþingi  
Erindi nr. Þ 120, 319  
komudagur 6/12 1995

Reykjavík, 01.12.1995

Allsherjarnefnd Alþingis  
Sólveig Pétursdóttir, formaður

**Varðar: Frumvarp til laga um fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna  
92. mál**

Samtökin Heimili og skóli þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um þetta frumvarp.

Eins og kemur fram í athugasemdum um frumvarpið gerist það æ algengara að börn eigi foreldra af ólíku þjóðerni og hin margvíslegustu vandamál geta skapast ef foreldranir bera ekki gæfu til að búa saman. Þess vegna er það brýnt og þarft að setja lög sem tryggja rétt þessara barna. Í frumvarpinu sýnist reynt að gæta hagsmuna barnanna í samræmi við alþjóðlega samninga.

Það hlýtur að vera eðlilegt skref í ábyrgu samstarfi þjóðanna að Íslendingar fullgildi og viðurkenni þær alþjóðasamþykktir sem snúast um mannréttindi og því er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál heldur hvetja þingheim til að samþykkja frumvarpið sem allra fyrst.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd Heimilis og skóla

*Unnur Halldórsdóttir*  
Unnur Halldórsdóttir